HJÁLEIÐ UM BORGARNES

ÁHRIF Á HAGRÆNA ÞÆTTI, SAMFÉLAG OG NÁTTÚRU

Anna Kristín Guðmundsdóttir og Sigríður Embla Heiðmarsdóttir

Breytt lega þjóðvegar um Borgarnes hefur verið í umræðunni allt frá vinnu við gerð Aðalskipulags Borgarness 1977-97 en á síðustu árum hefur verið ítrekað óskað eftir því að færslu vegarins yrði hraðað. Stefnumörkun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 er að þjóðvegur um Borgarnesi verði færður út fyrir þéttbýlið og er áætlað að nýr vegur verði lagður meðfram austurströnd bæjarfélagsins.

Möguleg ásýnd í átt að Borgarfjarðarbrúnni

HJÁLEIÐ

Hjáleiðir eru hannaðar líkt og hraðbrautir með löngum sjónlínum og bogadreginni veglínu og er umferðarhraði 90 km/klst. Hjáleiðir framhjá þéttbýli bæta umferðaröryggi og minnka óþægindi sem verða af völdum gegnumstreymisumferðar um þéttbýlið. Hér eru til umfjöllunar þeir áhrifaþættir sem færsla Hringvegar 1 úr Borgarnesi hefur á **hagræna þætti, samfélag og náttúru** og fjallað um þau mikilvægu áhrif sem slíkar breytingar hafa á bæjarfélagið.

NIÐURSTÖÐUR

Áhrifaþáttur	Óbreytt lega Hringvegar	Hringvegur út fyrir þéttbýli
Hljóðvist	▲Lágur umferðarhraði	▼Hljóðmengun úr tveimur áttum
Samgöngur	▼Slysahætta	▲Minni slysahættai
Loftmengun	▼Hraðatakmarkandi aðgerðir	▲Jafn umferðarhraði
Þjónusta	▲Aðgengi að þjónustu gott	▲Skilgreint miðsvæði tengist veginum
Öryggi	▼Slysahætta í byggð	▲Minni gegnumstreymisumferð í byggð
Útivist	▲Útsýni óraskað	◄ Hávaði og sjónræn mengun.
Náttúrufar	▲ Umhverfið óraskað	◄ Skortur á rannsóknum, strandsvæði óskilgreint milli lands og þjóðvegar.
Dýralíf	▲ Umhverfið óraskað	▼ Skortur á rannsóknum, fjörulíf í hætttu.
Vatn, sjór og strönd	▲ Umhverfið óraskað	▼ Skortur á rannsóknum, bein áhrif á ströndina.
Landslag og ásýnd	►Vegur innan þéttbýlis	▼Vegur sker í gegnum auðljósan hluta landslags.
Veðurfar	▲ Veðurfar hefur lítil áhrif á veginn í skjóli þéttbýlis	◄ Veðurfar gæti olli hættu á veginum. Fer eftir mótvægisaðgerðum
Náttúruvá	▲ Skjól innanbæjar og hátt yfir sjávarmáli	►Hætta er á fárviðrum og flóðahætta er möguleg og áhrif óvís

Vægi áhrifa	Tákn
Jákvæð	▲
Óveruleg	►
Neikvæð	▼
Óvissa	◄

Til að meta áhrif færslu þjóðvegar úr þéttbýlinu var sett fram tafla með helstu niðurstöðum. Þrátt fyrir niðurstöður um óbreytta legu Hringvegar 1 gefi í skyn jákvæðari áhrif þá geta ákveðnir þættir vegið meira en aðrir. Til dæmis ætti umferðaröryggi að vega meira en sjónræn áhrif á landslag. Rannsaka þarf betur marga þætti sem verða fyrir áhrifum af völdum færslu þjóðvegarins.

Áhrif vegna hljóðmengunar þarf að meta sem og hlutfall umferðar sem mun fara um hinn nýja veg. Áhrif nýrrar veglínu á náttúruna, dýralíf, sjó og strönd þarf einnig að rannsaka frekar og meta áhrifin umhverfislega þar sem svæðið er undir náttúruvernd. Auk þess er nauðsynlegt að rannsaka veðurfar með tengingu við náttúruvá, þegar ákvarðað er hönnun og útfærslu vegar.

HAGRÆNIR ÞÆTTIR

HÁVAÐI

Hávaði í umhverfi okkar er mikill streituvaldur og hefur áhrif á heilsufar íbúa. Íbúðahverfið við Hrafnaklett í Borgarnesi verður fyrir neikvæðum áhrifum vegna hávaðamengunar frá nýjum þjóðvegi.



Íbúðahverfið er staðsett milli nýrrar veglínu og núverandi þjóðvegar um Borgarbraut og verður fyrir áhrifum vegna hávaða úr báðum áttum.



Skali hljóðstyrks. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin hefur gefið út að til að tryggja ótruflaðan nætursvefn mega umhverfishljóð ekki vera hærri en 45 dB.

SAMGÖNGUR OG ÖRYGGI

Færsla þjóðvegar hefur áhrif á umferðaröryggi og getur minnkað slysatíðni. Því hærra hlutfall gegnumstreymisumferðar sem færist yfir á nýjan þjóðveg því auðveldara er að bæta umferðaröryggi innanbæjar.

Umferð um Borgarnes

Vegheiti	Upphafspunktur	Endapunktur	Lengd km	ÁDU	SDU	VDU
Þjóðvegur 1	Hafnarvegur	Borgarfjarðarbraut	8,41	3596	5240	2290
Þjóðvegur 1	Borgarfjarðarbraut	Borgarbraut	2,48	3808	5340	2753
Þjóðvegur 1	Borgarbraut	Hrafnaklettur	0,41	4215	5915	2515
Þjóðvegur 1	Hrafnaklettur	Snæfellsnesvegur	0,8	5089	7035	3803
Þjóðvegur 1	Snæfellsnesvegur	Hvítársíðuvegur	8,6	2365	3617	1282
553	Snæfellsnesvegur	Álftanesvegur	11,37	62	80	49

ÁDU árdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið
SDU sumardagsumferð, meðalumferð á dag yfir mánuðina júní, júlí, ágúst og september
VDU vetrardagsumferð, meðalumferð á dag yfir mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

Heimild: Vegagerðin

Kortið sýnir umferð í dag um þjóðveginn í Borgarnesi. Taflan útskýrir meðalumferð á dag og gefa litirnir til kynna um hvaða vegakafla ræðir. Kortið sýnir einnig fjölda slysa sem urðu árið 2015 en bætt umferðaröryggi er helsta ástæða markmiða um færslu þjóðvegar úr þéttbýlinu.

SAMFÉLAG

ÞJÓNUSTA

Hjáleiðir geta valdið því að uppbygging verslunar og þjónustu færist í samhengi við nýjan veg og verður lengra fyrir íbúa að sækja atvinnu og þjónustu sem getur aukið innanbæjarumferð.



Miðsvæði Borgarnes við Brúartorg - *Nýr þjóðvegur*

Þjónustusvæðið við Brúartorg (appelsínugulur hringur) er skilgreint sem miðsvæði í Aðalskipulagi Borgarbyggðar og mun svæðið halda áfram að þjónusta íbúa og vegfarendur um nýjan þjóðveg. Gert er einnig ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði við Egilsholt (gulur hringur) sem er í samhengi við nýjan þjóðveg.

NÁTTÚRA

ÁHRIFASVÆÐI

Náttúrufar á svæðinu eru leirar sem njóta verndun og há klettabelti. Áhrif á lífríki eru óviss og þarf að rannsaka. Vegurinn mun liggja opinn fyrir veðrum og vindum og hönnun hans ætti að taka mið af því.



Rauða örin gefur til kynna SA hvassa vindátt sem kemur óhindruð að veginum. Bláa línan sýnir algenga NA vindátt þar sem snjósöfnun getur orðið.

LANDSLAG OG ÁSÝND

Stórbrotið landslag í bakgörðum bæjarbúa Borgarness er einstakt og nálægðin við náttúruna veita byggðinni mikil gæði. Mikilvægt er að nýr vegur falli vel að umhverfinu og valdi ekki neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Rannsaka þarf áhrif nýrrar veglínu á fjöruna (fjólublátt). Vert er taka mið af áhrifum á fjöruna við hönnun vegarins og athuga hvort gæta þurfi að vatnsflæði.

Möguleg ásýnd í átt frá íbúðahverfinu við Sandvík. Vegurinn mun hafa neikvæð sjónræn áhrif fyrir íbúðabyggðina sem áður bjó við einstakt útsýni í átt út Borgarfjörðinn og til fjalla.

Möguleg ásýnd frá íbúðarhverfinu við Hrafnaklett í átt til fjalla, Skeljabrekka og Hafnarfjall í fjarsýn.

UMSK VI – Mannvirki í landslagi
Vorönn 2016 – verkefni 2
Kennari: Ragnar Frank Kristjánsson